

Vettvangsheimsókn til Akureyrar (Ráðgjöfin heim),

<http://www.akureyri.is/thjonusta/fatladir/Radgjofinheim/>

Forsaga ráðgjafarinnar heim. Byrjað var að bjóða upp á ráðgjöfin heim í júlí 2006 í tengslum við búsetukjarnana. Á Akureyri eru 3 búsetukjarnar með samtals 17 íbúum. Starfsfólk er í 14 stöðugildum. Að meðaltali einn á vakt í hverjum búsetukjarna ásamt forstöðumanni sem fór á milli staða. Næturvakt er samnýtt milli búsetukjarnanna. Búsetan skiptist þannig að einn kjarninn er hugsaður sem varanleg búseta, annar kjarninn setur inn ákvæði um endurmat á búsetu eftir 2 ár með því markmiði að unnt sé að bjóða búsetu í félagslegu leiguhúsnæði. Einkennandi var fyrir Akureyrarbæ hvað boðleiðir eru stuttar og forstöðumaður búsetuúrræðanna fundaði reglulega með ýmsum lykilaðilum. T.d. á sjúkrahúsinu, vegna atvinnumála, vegna búsetumála o.s.frv. Auðvelt aðgengi virtist vera að félagslegu leiguhúsnæði og starfsendurhæfingu hjá Plastprent sem er vinnustaður fatlaðra ef íbúi var tilbúinn. Þar tók síðan atvinna með stuðningi við ráðgjöf varðandi atvinnu. Einn kjarni var skipulagður sem endurhæfingarúrræði sem var þrepaskipt. Í meginatriðum fór endurhæfing fram á 12 mánuðum og var þrískipt. Fyrstu 4 mánuðina samþykkti íbúinn endurhæfingaráætlun sem gekk út á að taka þátt í eldhúspjálfun og þrifum einu sinni í viku ásamt því að taka þátt í húsfundum og félagslegum viðburðum sem skipulagðir voru á heimilinu. Árangur var metinn fyrir hverja viku og eftir fyrstu 4 mánuðina þurfti árangur að vera 65% eða meiri til að komast á næsta þrep þar sem íbúinn hafði meira val varðandi eldamennsku og þátttöku. Síðustu 4 mánuðina voru engar kvaðir en flestir héldu hinsvegar áfram að taka þátt. Eftir þetta flutti íbúi síðan ýmist í þjónustukjarna eða félagslegt leiguhúsnæði. Þá þótti verða gat í þjónustunni og ráðgjöfin heim þróaðist út frá þörf fyrir áframhaldandi

stuðning. Í byrjun var ráðgjöfin heim eingöngu ætluð til stuðning fyrir þann hóp sem flutti úr búsetukjörnunum í félagslegt leiguhúsnæði.

Ráðgjöfin heim-þróun. Í dag er ráðgjöfin heim hluti af heimaþjónustu og markhópurinn hefur breyst. Um er að ræða breiðari hóp í sjálfstæðri búsetu óháð fötlun. Einnig ný og breytt vinnuaðstaða með heimaþjónustu og heimahjúkrun. Umsóknareyðublað fyrir þjónustuna er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar og aðrir fagaðilar benda á þjónustuna. Nýjar umsóknir eru teknar fyrir á fundum hjá heimaþjónustu, umsækjanda er sent svarbréf og fyrsta heimsókn fer síðan fram.

Ráðgjöfin heim-þjónustan. Ráðgjöfin heim er persónuleg rágjöf sniðin að þörfum skjólstæðings í nærumhverfi með áherslu á að efla og styrkja skjólstæðinga og auka tengsl við samfélagið.

Í dag eru 20 skráðir með ráðgjöfina heim, 6 karlar og 14 konur. Starfsmenn ráðgjafarinnar heim eru tveir, þar af annar í hlutastöðu. Þjónustupörf er mismunandi og þjónustan sveigjanleg og unnin í dagvinnu. Biðlisti er eftir þjónustunni sem er hugsuð sem langtímastuðningur þar sem heimaþjónusta var ekki nægilega öflugt úrræði og datt oftast upp fyrir. Fólki er fylgt eftir með reglulegum símtölum eftir að stuðningsþörf minnkar eða breytist. Sumir hafa verið í þjónustunni frá upphafi. Verkefni geta verið margvísleg s.s. flytja búslóðir, ferðir á ruslahaugana, fara í sund, gönguferðir, fara með á fundi, það er að hjálpa fólki að leysa verkefni sem eru kvíðvænleg í daglegu lífi o.s.frv. Aðstæður geta verið krefjandi, mikil veikindi, sjálfsvígshugsanir, nauðungarvistun, skjólstæðingar hringja mikið og á öllum tímum o.s.frv. Það Skemmtilegt hvernig þetta hefur byggst upp sem einstaklingsbundinn stuðningur án þess að vera stofnanalegt en maður heyrði það á starfsmönnunum að þeir vildu

jafnvel sjá þetta sem samstarf margra fagaðila þar sem gerður væri formlegur samningur um samvinnu, einhvers konar samfélagsteymi.